

Tillaga

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Tillaga: Reykjavíkurborg gerist „Observing Member City“ í samræmi við breytt fyrirkomulag á þátttöku borga í bandalaginu Cities Coalition for Digital Rights.

Greinargerð:

Um mitt ár 2021 samþykkti borgarráð að Reykjavíkurborgar gerðist aðili að bandalagi borga í samtökunum Cities Coalition for Digital Rights. Jafnframt var samþykkt að borgarstjóri yrði fulltrúi borgarinnar í bandalaginu og sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs hans staðgengill.

Cities Coalition for Digital Rights var stofnað í nóvember 2018 af borgunum Amsterdam, Barselóna og New York en nú þegar eru rétt tæplega 60 borgir um allan heim skráðar sem fullgildir aðilar. Bandalagið tengir saman borgir sem hafa skuldbundið sig til að nýta tæknina til að bæta líf fólks og styðja samfélög í borgum með því að veita áreiðanlega og örugga stafræna þjónustu og byggja upp trausta upplýsingatækniinnviði.

Sameiginlegar áskoranir og tækifæri á vettvangi þeirra borgar sem bundist hafa þessum samstarfsböndum má draga saman í eftirfarandi fimm megin þætti:

- Jafnt og alhliða aðgengi að veraldarvefnum og stafrænt læsi
- Persónuvernd, gagnavernd og gagnaöryggi
- Gagnsæi, áreiðanleiki og jafnræði gagna, efnis og algríma
- Þátttökulýðræði, fjölbreytileiki og heildræn nálgun
- Opnir og siðferðislega viðurkenndir stafrænir þjónustustaðlar

Samtökin sækja innblástur sinn til the Internet Rights and Principles Dynamic Coalition sem er hluti af the UN Internet Governance Forum en í viðleitni sinni hafa borginar innan Cities Coalition for Digital Rights einnig notið liðsfylgi the United Nations Human Settlements Programme (UN-Habitat), United Cities and Local Governments (UCLG) og Eurocities, en borgirnar innan síðastnefndu samtakanna eru samtilltar í því markmiði að efla stafræn réttindi borgara sinna.

Reykjavíkurborg hefur frá upphafi aðildar sótt rafræna fundi þar sem áskoranir og lausnir eru ræddar. Einnig hefur borgin flutt erindi um áskoranir í sinni starfsemi er snúa að gervigreind og gagnamálum. Þá hafa þeir fimm megin

þættir sem samtökin varpa kastljósinu sérstaklega að fengið aukna athygli í ákvarðanatöku í framkvæmd verkefna í stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg mun senn hefja gerð stafrænnar stefnu. Mikilvægt er að í stefnunni verði ávarpað með hvaða hætti borgin hyggst verja með markvissum aðgerðum stafræn réttindi borgaranna sinna og leysa stafrænar áskoranir á lagalegum og siðferðislegum grunni sem undirbyggja grundvallar mannréttindi þeirra í hinum stafræna heimi.

CC4DR hefur nú verið starfandi í 5 ár og á þeim tíma hafa samtökin þróast í takt við tímann. Á aðalfundi samtakanna sem haldinn var í tengslum við Smart City Expo World Congress í Barcelona í nóvember 2022, var tekin ákvörðun um að formgera samtökin frekar til að lyfta starfsemi þeirra og stuðningi á enn hærra stig. Tveir valkostir eru í boði til þátttöku sem báðir fela í sér ólíka skuldbindingu hvað varðar mannauð borgarinnar og þarf borgin að velja annan hvorn ætli hún að halda áfram þátttöku í samtökunum:

- *Leading Member City: Leadership Board (high-level management and advisory board), Coordination team (operational team in charge of the daily running of the Coalition).*
- *Observing Member City: Access to services and collaborative activities*

Samantekt:

Stafrænn veruleiki er kominn til að vera. Stafræn umbreyting heldur áfram að vera eitt megin viðfangsefni Reykjavíkurborgar á næstu árum, og helst hún í hendur við þjónustubreytingu sem á sér stað víðast hvar í borgum annarsstaðar í heiminum.

Lagt er til að Reykjavíkurborg velji að þá leið að gerast Observing Member City í bandalaginu Cities Coalition for Digital Rights. Með slíkri þátttöku getur borgin sótt áfram í þann þekkingarbrunn og þjónustu sem samtökin veita byggt á lágmarks skuldbindingu. Þar með getur hún einnig haldið áfram að læra af þeim borgum sem leiða stafræna vegferð um heim allan, byggt upp getu borgarinnar til að takast á við þær áskoranir sem borgir standa almennt frammi fyrir og varða stafræn réttindi íbúa á sama tíma og hún hámarkar jákvæð áhrif stafrænnar vegferðar fyrir samfélagið.

Virðingarfyllst,



Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs